Ársskýrsla 2021

NÝHEIMAR
ÞEKKINGARSETUR

NÝHEIMAR
ÞEKKINGARSETUR

Skúmur, mynd HHR

Nýheimar þekkingarsetur
Ársskýrsla 2021

Ritstjóri: Hugrún Harpa Reynisdóttir
Texti: Hugrún Harpa Reynisdóttir
Kristín Vala Þrastardóttir
Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir
Steinunn Hödd Harðardóttir

Umbrot: Kristín Vala Þrastardóttir
Vilhjálmur Magnússon

Ljósmyndir: Hugrún Harpa Reynisdóttir
Kristín Vala Þrastardóttir
Þorsteinn Roy Jóhannsson

Forsíðumynd: Bláklukka, mynd HHR

Prófarkarlestur: Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir

Útgefandi: Nýheimar þekkingarsetur
Litlubrú 2, 780 Höfn í Hornafirði
Sími: 470 8088
Útgáfa: Mars 2022

Horft vestur yfir Hornafjörð, mynd HHR

Efnisyfirlit

Formáli forstöðumanns 2
Skýrsla stjórnar 4
Starfsemi Nýheima þekkingarseturs 5
Starfsfólk 6
Verkefni ársins 2021 8
- Ráðgjöf og þjónustu við frumkvöðla og atvinnulíf 8
- Námsver Nýheima og þjónusta við háskólanema 9
- Nýsköpunarhópur 9

Innlend samstarfsverkefni og þjónustuverkefni 10
- Þolmarkarannsókn á Breiðamerkursandi 10
- Staða og líðan ungra karlmanna í landsbyggðar samfélagi 10
- Byltingar og byggðaþróun: Hlutverk þekkingarsetra í byggðaþróun fjórðu iðnbyltingarinnar 11
- Gróska - félagslandbúnaður 11
- Umhverfis Hornafjörður 12
- Samtök þekkingarsetra 12

Erlend samstarfsverkefni 13
- Legends 13
- Digital communities - Stafræn hæfni og færni samfélaga á landsbyggðinni 14
- NICHE - Frumkvöðlastarf um óáþreifanlegan menningararf 15
- Sustainable 15
- SPECIAL 16

Fjárhagur 17

Hugrún Harpa, forstöðumaður setursins, mynd ÞRJ

Formáli forstöðumanns

Áttunda starfsári Nýheima þekkingarseturs er lokið. Verkefni ársins voru fjölbreytt, enda eru áherslur í starfi setursins víðtækar. Hlutverk Nýheima þekkingarseturs er grundvallað í skipulagsskrá og samningi setursins við mennta- og menningarmálaráðuneytið og hvílir starfsemin á fjórum stoðum; menntun, menningu, nýsköpun og rannsóknum. Suðausturland er miðpunktur starfseminnar, sem endurspeglast í ríkri áherslu á þróun byggðar og samfélags á svæðinu. Með þessi atriði að leiðarljósi hefur setrið ávallt haft að markmiði mótun kjarnaverkefna, sem styðja við uppbyggingu samfélagsins og auka lífsgæði og möguleika svæðisins.

Setrið hefur í starfsemi sinni lagt áherslu á málefni ungs fólks og unnið að ýmsum verkefnum, sem hafa sér í lagi snúið að valdeflingu hópsins, þátttöku þeirra og líðan innan samfélagsins. Þessi vinna setursins hefur vakið athygli og var hún meðal annars kynnt í málstofu á Þjóðarspeglinum 2021, árlegri ráðstefnu í félagsvísindum sem Háskóli Íslands stendur fyrir. Áhugavert var að taka þátt í þeirri málstofu og hlýða á önnur erindi sem einnig fjölluðu um aðstæður og líf ungs fólks á landsbyggðinni. Tækifæri til menntunar, geðheilbrigðisþjónusta, stuðningur við nýsköpun, þróun atvinnulífs og félagsleg samheldni samfélaga eru allt þættir, sem vega þungt þegar fjallað er um líðan og framtíð ungs fólks í dreifðum byggðum landsins. Það er afar mikilvægt að samfélagi takist að skapa þær aðstæður, andrúmsloft og viðhorf, sem styðja við og hvetja ungt fólk til þess að taka virkan þátt í mótun samfélagsins og framþróun þess. Aðeins þannig tekst okkur að skapa samfélag sem þessi sömu ungmenni horfa til sem búsetukosts til framtíðar. Nýheimar þekkingarsetur vill taka þátt í þessari þróun og mun því áfram vinna að því að efla og styðja við ungmenni á svæðinu í góðu samstarfi við ungmennaráð sveitarfélagsins og nemendaráð framhaldsskólans. Á síðasta ári beindi setrið sjónum að stöðu og líðan ungra karlmanna í landsbyggðar samfélagi. Nánar er sagt frá verkefninu í ársskýrslunni, en ég vil hér sérstaklega þakka þeim ungu karlmönnum sem tóku þátt í verkefninu og deildu með okkur sinni upplifun af samfélagi og aðstæðum ungra karlmanna. Eins vil ég þakka öllum þeim ungmennum sem hafa gert samstarfið svo gefandi og ánægjulegt.

Eitt af markmiðum setursins er að formgera samstarf stofnana, innan Nýheima og á Suðausturlandi, um stoðirnar fjórar. Samstarf stofnana er mikið þar sem ólíkar stofnanir innan samstarfsnetsins sameinast í hinum ýmsu verkefnum. Á vettvangi setursins hafa stofnanir markvisst unnið að því að efla samstarf og samtal um stoðirnar, meðal annars með því að stofna samstarfsteymi um þær. Sú vinna er á ólíkum stigum en nýsköpunarhópur hefur verið mjög virkur síðustu misseri og fundar tvisvar í mánuði um málefni nýsköpunar á svæðinu. Samstarfið hefur gefið af sér nokkur samstarfsverkefni, auk þess sem

unnið hefur verið að hugmyndum um frumkvöðlahreiður, Nýsköpunarnet Nýheima og verkefnið *Fab stelpur og tækni* sem Vöruhúsið leiðir. Formið hefur gefist vel og unnið er að því að efla starf hópanna og um leið samstarf um hverja stoð setursins.

Eins og gefur að skilja, með svo unga stofnun, þá hefur töluverð vinna farið í mótun starfseminnar á fyrstu árum hennar. Tilraunir varðandi nálganir og aðferðir, mótun verkefna og samstarfs eru að mínu mati eðlilegur hluti af þróun slíkrar starfsemi. Þessari vinnu lýkur raunar aldrei, þar sem þekkingarsetur þurfa stöðugt að endurmeta aðferðir, nálganir og áherslur til þess að búa yfir þeim sveigjanleika, sem nauðsynlegur er til þess að geta mætt þörfum samfélagsins á hverjum tíma.

Hugrún Harpa Reynisdóttir

Hugrún Harpa Reynisdóttir
Forstöðumaður, 8. mars 2022

Ingólfshöfði, mynd HHR

Sólsetur við Hornafjörð, mynd HHR

Skýrsla stjórnar

Nýheimar þekkingarsetur er samstarfshattur ólíkra stofnana sem starfa á sviði menntunar, menningar, nýsköpunar og rannsókna á Suðausturlandi. Aðildarstofnanir setursins eru ellefu talsins: Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Skólaskrifstofa Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Matís, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Náttúrustofa Suðausturlands, Ríki Vatnajökuls, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, Vatnajökulsþjóðgarður og Vöruhúsið. Fulltrúar í stjórn setursins eru tíu en Matís hefur kosið að tilnefna ekki fulltrúa í stjórn. Árið 2021 voru embætti stjórnar svo skipuð: Steinunn Hödd Harðardóttir formaður stjórnar, Gunnar Þór Jóhannesson varaformaður, Kristín Hermannsdóttir gjaldkeri og Vilhjálmur Magnússon ritari. Aðrir stjórnarmenn voru: Eyrún Helga Ævarsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Ragnhildur Jónsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson, Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir og Karl Friðriksson. Breytingar urðu á stjórn á árinu þegar Ingunn Jónsdóttir tók sæti Hrafnkels Guðnasonar sem fulltrúi Háskólafélags Suðurlands, Þorkell Óskar Vignisson tók sæti Hólmfríðar Bryndísar Þrúðmarsdóttur sem fulltrúi Ríki Vatnajökuls og Þórgunnur Torfadóttir tók sæti Ragnhildar Jónsdóttur sem fulltrúi Skólaskrifstofu Hornafjarðar. Í upphafi árs var Nýsköpunarmiðstöð Íslands lögð niður og samhliða því var aðild hennar að Nýheimum þekkingarsetri slitið og Karl Friðriksson vék úr stjórn.

Haldnir voru tíu stjórnarfundir auk ársfundar en sjá má fundargerðir þeirra á heimasíðu setursins. Auk þessara funda var vinnufundur stjórnar haldinn í Gömlubúð í maí. Á fundinum fjallaði stjórn um stoðir setursins og gerði tillögur að áherslum og aðgerðum á sviði þeirra, til viðbótar þeim sem skilgreindar höfðu verið í fimm ára stefnumörkun. Setrið er vettvangur samvinnu ólíkra stofnana sem hafa með víðtæku samstarfi sínu stuðlað að fjölbreyttum verkefnum á Suðausturlandi. Samstarfsnet Nýheima hefur tekið út mikinn þroska og er nú í dag nokkuð þétt. Mikilvægt er hins vegar að slíkt samstarf sé í stöðugri þróun og komið verði í veg fyrir stöðnun. Þekkingarsetrið er stofnað sem vettvangur skapandi samvinnu og er það hugarfóstur stofnaðila sem brenna fyrir málefnum og velferð Suðausturlands. Hagur setursins er því hagur allra þeirra stofnana sem sameinast í samstarfsneti þess. Eitt af því sem stjórn hefur unnið að eru samskipti við yfirvöld, þar sem helsta baráttumálið hefur verið endurnýjun samnings og traustari grunnfjármögnun setursins, svo kjarnastarfsemi þess eins og henni er lýst í samningi við ráðuneyti verði tryggð. Sé starfsemin of háð sértekjum verður stöðugleiki í starfseminni ekki tryggður, auk þess sem áætlanagerð og uppbyggingu er gert erfitt fyrir. Ekki hefur enn komið til endurnýjunar samnings en ljóst varð í lok árs að draga þyrfti saman í starfi setursins þar sem ekki er gerlegt að viðhalda þeim stöðugildum, sem verið hafa við setrið síðustu ár, einvörðungu á sjálfsaflafé.

Steinunn Hödd Harðardóttir
Formaður stjórnar 8. mars 2022

Starfsemi Nýheima þekkingarseturs

Árið 2021 var heilt yfir gott starfsár, þar sem verkefni hófust, önnur héldu áfram á meðan enn öðrum lauk. Vissulega mættu okkur ýmsar áskoranir á þessu ári sem kölluðu á ákveðna sjálfsrýni sem fór fram á vettvangi stjórnar. Sú vinna var gagnleg og skýrði stefnu setursins enn frekar.

Kjarni markmiða setursins er að hlutverk þess sé að stuðla að samstarfi á Suðausturlandi um verkefni á sviði menntunar, menningar, rannsókna og nýsköpunar í þágu samfélagsþróunar á Suðausturlandi. Setrið hefur þannig að markmiði að efla samstarf við einstaklinga, atvinnulíf, stofnanir og opinbera aðila. Samstarf við Sveitarfélagið Hornafjörð efldist enn frekar á árinu með tilkomu samstarfs- og styrktarsamnings. Tilgangur samningsins er að efla og styðja við starfsemi setursins auk þess að efla og formgera samstarf milli samningsaðila sem hefur aukist umtalsvert síðustu ár með fjölgun samstarfsverkefna. Sem dæmi um verkefni má nefna hringrásarverkefni, nýsköpunarhóp, vinnu að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og stofnun frumkvöðlahreiðurs. Þá er setrið samstarfsaðili sveitarfélagsins vegna samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstur Fab Lab smiðjunnar í Vöruhúsi. Þá tekur setrið þátt í loftslagsverkefni Festu og sveitarfélagsins og var meðal þeirra stofnana og fyrirtækja sem undirrituðu loftslagsyfirlýsinguna í febrúar.
Þó starfsemi setursins snúi fyrst og fremst að nærsamfélagi þess þá hefur í auknum mæli verið leitað eftir samstarfi við hliðstæð þekkingarsamfélög innan lands og utan. Ýmis fjölþjóðleg og innlend samstarfsverkefni hafa orðið til og sýnir fjöldi þeirra hversu öflugt tengslanet setursins er orðið.

Nýheimar þekkingarsetur er í hópi þeirra setra sem mynda Samtök þekkingarsetra (SÞS). Á setrið þar í góðu samstarfi við önnur setur sem deila með okkur áhuga á velferð landsbyggðar samfélaga og þróun þekkingarsamfélags á landsbyggðinni. Nýheimar hafa jafnframt aukið samstarf við einstaka setur í gegnum ýmis samstarfsverkefni. Þá er setrið í miklu samstarfi við háskóla landsins vegna þjónustu við háskólanema auk þess sem aukin tengsl hafa orðið við stofnanir og fyrirtæki vegna próftöku einstaklinga í starfs- og endurmenntun.

Þó nokkrar breytingar hafa verið í starfsmannahópi vegna leyfa hjá föstu starfsfólki setursins en við höfum verið svo lánsöm að fá til liðs við okkur, til tímabundinna starfa, frábært starfsfólk sem hefur fallið vel að starfinu. Níu starfsmenn störfuðu hjá setrinu á árinu, meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf voru fjórir. Setrið er með skrifstofur á Vesturgangi á neðri hæð Nýheima.

Rætt um græn skref á Nýtorgi, mynd HHR

Starfsfólk

Forstöðumaður setursins er **Hugrún Harpa Reynisdóttir**. Hugrún er með BA próf í félagsfræði og MA próf í umhverfis- og auðlindafræði. Sinnir hún daglegum rekstri setursins, öflun fjármagns og verkefna. Einnig vinnur hún að verkefnastjórnun og framkvæmd verkefna setursins.

Kristín Vala Þrastardóttir er sérfræðingur hjá setrinu. Hún er með BA próf í spænsku og ferðamálafræði og MS í menningarstjórnun. Kristín Vala sinnir verkefnastjórnun og framkvæmd verkefna og hefur umsjón með þjónustu við háskólanema. Kristín Vala er einnig þátttakandi í ráðgjafateymi SASS.

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir er sérfræðingur hjá setrinu. Hún sinnir þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS. Guðrún er með BS próf í byggingaverkfræði. Guðrún var í námsleyfi á haustmisseri.

Guðný Gígja Benediktsdóttir var ráðin tímabundið til starfa og leysir hún Guðrúnu Ásdísi af á meðan námsleyfi hennar stendur. Guðný sinnir því þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS. Guðný Gígja er með BS próf í ferðamálafræði.

Sigríður Helga Axelsdóttir var í hlutastarfi sem sérfræðingur hjá setrinu og kom að verkefnastjórnun í fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum. Sigríður útskrifaðist sem atvinnuflugmaður frá Naples air center í Flórída og er auk þess með BS gráðu í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands.

Íshellir í Vatnajökli, mynd KVÞ

Rannveig Rögn Leifsdóttir var ráðin í tímabundið hlutastarf hjá setrinu og vinnur hún að fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum setursins auk þess að koma að öðrum verkefnum setursins. Hefur hún umsjón með verkefninu Umhverfis Hornafjörður. Rannveig er með BS gráðu í líffræði auk þess að vera jöklaleiðsögumaður og landvörður.

Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir hefur starfað sem verktaki hjá setrinu. Sigrún Inga er verkefnastjóri rannsóknarverkefnis á þolmörkum Breiðamerkursands og hefur einnig unnið að fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum setursins. Sigrún Inga er með MS próf í landfræði ásamt viðbótardiplóma í safnafræði.

Sandra Björg Stefánsdóttir var sérfræðingur hjá setrinu og sinnti verkefnastjórnun í fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum. Sandra er með BA próf í ferðamálafræði og viðburðastjórnun, ásamt MS prófi í mannauðsstjórnun. Sandra var í leyfi frá störfum frá maí 2021.

Eik Aradóttir var tímabundið við störf hjá setrinu í upphafi árs 2021. Starfaði hún sem sérfræðingur við setrið og kom að verkefnastjórnun í fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum. Eik er með Mag. Jur. gráðu frá lagadeild Háskóla Íslands.

Heiðrún Sæmundsdóttir var sumarstarfsmaður hjá setrinu. Starf hennar var í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð og tengdist átakinu *Sumarstörf fyrir námsmenn* sem Vinnumálastofnun stóð fyrir. Heiðrún er með BA gráðu í myndlist.

Verkefni ársins 2021

Líkt og undanfarin ár var verkefnastaða góð og hefur starfsfólk setursins haft nóg fyrir stafni í fjölbreyttum og gefandi verkefnum. Þátttaka í margvíslegum samstarfsverkefnum er umfangsmikill hluti starfseminnar og var setrið þátttakandi í fimm erlendum samstarfsverkefnum á árinu auk ýmissa innlendra samstarfsverkefna. Þátttaka í slíkum verkefnum hefur verið með ögn öðru sniði vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Allir samstarfsfundir hafa verið haldnir með rafrænum hætti og því hefur ekki verið tækifæri til að heimsækja þekkingarstofnanir í samstarfslöndum í Evrópu. Slíkir samstarfsfundir efla mjög tengslanet setursins og opna gjarnan fyrir ný tækifæri til samstarfs sem er setrinu dýrmætt. Bindum við því miklar vonir við að slíkar heimsóknir verði mögulegar áður en þeim verkefnum sem hófust í heimsfaraldrinum lýkur.

Mörg þeirra verkefna sem unnið er að kalla á þátttöku íbúa sem hafa til að mynda tekið þátt í rýnihópum, vinnustofum og könnunum auk þess að veita viðtöl í tengslum við hin ýmsu viðfangsefni. Við erum öllum þeim sem hafa tekið þátt í starfi setursins afar þakklát.

Í ársskýrslu þessari verður fjallað um helstu verkefni ársins en auk þeirra sem hér fá sérstaka umfjöllun eru ótalin smærri samstarfsverkefni og önnur verkefni er snúa að stjórnun og daglegum rekstri setursins.

Ráðgjöf og þjónusta við frumkvöðla og atvinnulíf

Líkt og undanfarin ár hefur starfsfólk setursins sinnt þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Sú ráðgjöf er á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála og er gjaldfrjáls upp að ákveðnu marki. Gjaldfrjáls þjónusta miðast við almanaksárið og er allt að sjö klukkustundir fyrir einstaklinga og fyrirtæki og allt að 20 klukkustundir fyrir stofnanir. SASS sinnir starfsemi á sviði byggðaþróunar í nánu samstarfi við stofnanir á Suðurlandi en allt starf samtakanna byggir á Sóknaráætlun Suðurlands og þeirri framtíðarstefnumörkun sem þar kemur fram fyrir landshlutann. Gildandi sóknaráætlun Suðurlands nær til 2024 og felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir sem unnar voru í samráði við íbúa landshlutans. Megináherslur sóknaráætlunarinnar eru atvinna og nýsköpun, samfélag og umhverfi.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands veitir styrki til nýsköpunar- og menningarverkefna tvisvar á ári og eru umsóknarfrestir í mars og október. Fjölmörg hornfirsk verkefni hafa hlotið styrki úr sjóðnum en 26 styrkir runnu til verkefna á svæðinu árið 2021.

Samstarfsaðilar SASS eru auk Nýheima þekkingarseturs, Háskólafélag Suðurlands, Markaðsstofa Suðurlands, Kötlusetur, Kirkjubæjarstofa og Þekkingarsetur Vestmannaeyja.
Guðrún Ásdís og Guðný Gígja hafa veitt ráðgjöf og þjónustu til frumkvöðla í Nýheimum.

Staðarleiðsögn með Samtökum Þekkingarsetra, mynd KVÞ

Námsver Nýheima og þjónusta við háskólanema

Þó COVID-19 hafi sett strik í reikninginn fyrir háskólanema eins og aðra hélt eftirspurn eftir námsveri Nýheima áfram að aukast og voru nítján virkir notendur að námsverinu yfir árið. Lögð var áhersla á að halda námsverinu opnu eins og hægt var miðað við gildandi samkomutakmarkanir hverju sinni og reyndist það vel.

Auk þess að veita háskólanemum aðgang að námsveri veitir setrið þjónustu í tengslum við próftökur. Færri próf voru á vegum íslenskra háskóla en undanfarin ár og voru engin lokapróf haldin á vorönn í Nýheimum. Samtals voru háskólaprófin 35 á árinu sem er fækkun frá árinu áður þegar þau voru 39, ef til vill er það vegna aukinnar áherslu á fjarnám með símati og heimaprófum. Nýheimar fagna þeirri auknu þjónustu við landsbyggðina sem fjarnámið felur í sér og vonar að þessi þróun sé komin til að vera og háskólar landsins muni gefa enn frekar í. Setrið hefur átt í góðu samstarfi við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu og Fræðslunet Suðurlands um aðstöðu til próftöku.

Setrið leggur áherslu á að skapa hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur þar sem þeim gefst kostur á að vera hluti af fræðasamfélagi og stunda nám á eigin forsendum í heimabyggð. Námsver Nýheima er staðsett á Austurgangi og eru þar átta rými á lesbásum. Háskólanemar sem nýta þjónustu og aðstöðu í Nýheimum fá einnig aðgang að læstum skáp, eldhúsi, kaffistofu, mötuneyti FAS, interneti og fundaaðstöðu í samráði við verkefnastjóra. Nemar sem nýta aðstöðuna gera námsaðstöðu-samning við setrið en aðstaðan er nemum að kostnaðarlausu á opnunartíma Nýheima. Nemar sem óska eftir þjónustu vegna próftöku greiða fyrir hana lágmarks gjald. Fyrir þá nema sem vilja nýta sér húsnæði Nýheima utan opnunartíma er í boði að fá lykil að aðstöðunni gegn 5.000 kr. tryggingu sem endurgreiðist við samningslok.

Nemendur sem nýtt hafa aðstöðu og þjónustu setursins koma úr röðum flestra háskóla landsins auk erlendra skóla. Setrið hefur einnig í auknum mæli haft umsjón með prófum á sviði símenntunar í samstarfi við skóla og stofnanir um landið og voru sextán slík próf í umsjón Nýheima á árinu.
Umsjón með þjónustu við háskólanema hefur Kristín Vala, sérfræðingur Nýheima þekkingarseturs.

Nýsköpunarhópur

Vinna að stoðum setursins hefur verið í mótun og segja má að vinna að nýsköpunarstoðinni hafi tekið á sig nýja mynd árið 2020. Nýsköpunarhópur, skipaður fulltrúum setursins, Vöruhússins og sveitarfélagsins, hefur nú á annað ár fundað aðra hverja viku í þeim tilgangi að ræða nýsköpun í Sveitarfélaginu Hornafirði. Vinna hópsins hefur nú þegar leitt af sér nokkur verkefni, má þar nefna verkefni um sjálfbæra ræktun sem hlaut styrk úr Matvælasjóði og hringrásar-verkefni sem hlaut styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Þá hefur hópurinn fjallað um aðstöðumál frumkvöðla, stelpur og nýsköpun, nýsköpunarfræðslu og stuðningsnet nýsköpunar í Hornafirði svo eitthvað sé nefnt. Samstarfið hefur haft mikla þýðingu fyrir nýsköpunarstoð Nýheima og hefur verið afar ánægjulegt að sjá hvernig markvisst samstarf hópsins hefur verið uppspretta nýrra verkefna og viðfangsefna.

Heimsókn í Vöruhús, myndir KVÞ

Innlend samstarfsverkefni og þjónustuverkefni

Þolmarkarannsókn á Breiðamerkursandi

Viðfangsefni verkefnisins er rannsókn á þolmörkum við Jökulsárlón og á Breiðamerkursandi. Verkefnið, sem hófst í ágúst 2021, er samstarfsverkefni Nýheima þekkingarseturs og Náttúrustofu Suðausturlands.Verkefnið er unnið fyrir Vatnajökusþjóðgarð með aðkomu Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði sem og annarra fagstofnana og sérfræðinga Vatnajökulsþjóðgarðs. Markmið þolmarkarannsóknarinnar er að meta ástand svæðisins og gera áætlun um hvernig tryggja megi sjálfbæra þróun þess. Könnuð verða þolmörk náttúru, innviða og menningarminja í ljósi vaxandi umferðar ferðafólks um svæðið. Verkefnið hófst á gagnaöflun og samráði við sérfræðinga. Unnið verður að rannsóknum á vettvangi sumarið 2022 og áætluð verklok eru í lok árs 2022.

Verkefnið er liður í Vörðu, sameiginlegu verkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Varða byggir á heildstæðri nálgun í stjórnun áfangastaða og er Breiðamerkursandur einn af fjórum fyrstu áfangastöðunum sem unnið er með í verkefninu. Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- og heimsvísu. Meginaðdráttarafl þeirra eru náttúrufyrirbæri og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir.
Verkefnastjóri þolmarkarannsóknarinnar er Sigrún Inga.

Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, mynd HHR

Staða og líðan ungra karlmanna í landsbyggðar samfélagi

Nýheimar þekkingarsetur sótti um og hlaut styrk frá atvinnu- og rannsóknasjóði Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir verkefnið Staða og líðan ungra karlmanna í landsbyggðarsamfélagi. Verkefnið fól í sér viðtöl við aðila er starfa með ungu fólki á Hornafirði og hópviðtöl við unga karlmenn. Fjallað var um aðstæður og líðan ungra karlmanna, markmið hópviðtala við fulltrúa hópsins var að fá fram viðhorf þeirra til samfélagslegra gilda og orðræðu. Enn fremur að kanna upplifun þeirra hvað varðar áhrif þessara þátta á frammistöðu og líðan drengja í því samfélagi sem þeir búa í og hvernig það birtist í námsárangri þeirra, líðan og framtíðaráformum. Skýrslu verkefnisins má finna á heimasíðu setursins.

Verkefnið hlaut einnig styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að hanna og leggja rafræna spurningakönnun fyrir ungt fólk í sveitarfélaginu.
Verkefnastjórar setursins og Anna Guðrún Edvardsdóttir rannsakandi unnu að verkefninu.

Byltingar og byggðaþróun:
Hlutverk þekkingarsetra í byggðaþróun fjórðu iðnbyltingarinnar

Verkefnið Byltingar og byggðaþróun hlaut í maí 2020 styrk Byggðarannsóknarsjóðs til að greina áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar í byggðum landsins og mögulegar leiðir til að nýta innviði þekkingarsetra til að mæta áskorunum og tækifærum byltingarinnar. Verkefnið var samstarfsverkefni Þekkingarnets Þingeyinga og Nýheima þekkingarseturs. Stýrihópur verkefnisins var skipaður þeim Óla Halldórssyni, Lilju Berglindi Rögnvaldsdóttur og Hugrúnu Hörpu Reynisdóttur.

Verkefnið byggði á greiningu á fyrirliggjandi rannsóknum um áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á dreifðar byggðir, minni og meðalstóra þéttbýlisstaði. Einnig fól það í sér viðtöl við forstöðumenn þekkingarstofnanna og þróunarfélaga þar sem rætt var um þekkingarsamfélög og innviði landshluta á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar. Þá var spurningakönnun lögð fyrir forsvarsfólk sveitarfélaga, svæðisbundinna stéttarfélaga, fulltrúa atvinnurekenda á völdum svæðum á Íslandi og forsvarsfólk nokkurra nýsköpunarfyrirtækja sem náð hafa árangri í rekstri á lands- eða alþjóðavísu. Markmið spurningakönnunarinnar var að greina tækifæri og áskoranir vegna þróunar atvinnuhátta í byggðum landsins.

Verkefninu lauk á árinu með skilum lokaskýrslu sem finna má á heimasíðu Nýheima þekkingarseturs. Verkefnastjóri setursins er Hugrún Harpa.

Kynningar á verkefnum setursins, myndir KVÞ

Gróska – félagslandbúnaður

Nýheimar þekkingarsetur sótti um og hlaut styrk frá Matvælasjóði fyrir samstarfsverkefni setursins, Grósku, Fab Lab smiðju Hornafjarðar og SASS. Frumkvæði að verkefninu áttu stjórnarmenn í félaginu Grósku sem stofnað var í þeim tilgangi að byggja upp félagslandbúnað í Sveitarfélaginu Hornafirði. Með því vill félagið stuðla að sjálfbærri og lífrænni ræktun á svæðinu í nánu samstarfi við matvælaframleiðendur.

Umsókn til Matvælasjóðs var vegna styrks fyrir fyrsta fasa stærra verkefnis sem hefur verið í mótun innan Grósku. Hugmyndin felur í sér að komið verði upp gróðurhúsi sem verði búið tölvustýrðu vökvunarkerfi sem hefur verið í þróun hjá Fab Lab smiðju Hornafjarðar. Þar færi fram sjálfbær ræktun en einnig yrði húsið nýtt til fræðslu og kennslu fyrir einstaklinga og nemendur í þeim tilgangi að miðla þekkingu á sjálfbærri ræktun til íbúa sveitarfélagsins.

Verkefnastjórar þekkingarsetursins vinna að hagkvæmnisathugun, markaðsrannsókn og gerð viðskiptaáætlunar sem verður afurð þessa fyrsta hluta verkefnisins. Samráð við íbúa, framleiðendur og skóla í sveitarfélaginu er mikilvægur liður í vinnunni og vonumst við til að eiga gott samstarf við þessa aðila um þróun og mótun verkefnisins. Vinna við verkefnið hófst í lok árs og eru áætluð lok þess í maí 2022. Verkefnastjóri er Guðný Gígja.

Umhverfis Hornafjörður

Umhverfis Hornafjörður er samstarfsverkefni Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Nýheima þekkingarseturs, SASS og Vöruhússins, styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Megin markmið verkefnisins er að efla hringrásarhagkerfi á Hornafirði auk þess að skapa regnhlíf fyrir þau verkefni sem nú þegar eru í gangi á svæðinu í anda hringrásarhagkerfisins. Verkefnastjóri Nýheima þekkingarseturs hefur umsjón með verkefninu en myndaður hefur verið aðgerðarhópur þar sem sjálfboðaliðar á svæðinu aðstoða við framkvæmd verkefnisins. Hópurinn hefur stofnað Facebook og Instagram síður í þeim tilgangi að miðla verkefninu og málefnum hringrásar til íbúa Hornafjarðar. Þar setur hópurinn inn fræðslu og aðrar færslur ætlaðar til vitundarvakningar almennings. Hópurinn vinnur eins og er í því að skipuleggja viðburði í anda hringrásarhagkerfisins ætluðum íbúum auk þess að kanna nýjar leiðir til endurvinnslu plasts og annarra efna sem nauðsynlegt er að endurvinna betur. Verkefnastjóri setursins er Rannveig Rögn.

UMHVERFIS HORNAFJÖRÐUR

Samtök þekkingarsetra

Samtök þekkingarsetra (SÞS), sem Nýheimar þekkingarsetur er aðili að, voru stofnuð í apríl 2020. Um er að ræða netverk þekkingarsetra á landsbyggðinni sem starfa samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Meðal samningsbundinna verkefna setranna eru rannsóknir og þróun til eflingar byggðar, þjónusta við háskólanema, hagnýting og miðlun þekkingar sem og efling nýsköpunar, atvinnu og samfélagsþróunar. Samtökin hafa þann tilgang að efla samvinnu setranna á landsbyggðinni, gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra og efla skilning á mikilvægi starfseminnar. Hugrún Harpa, forstöðumaður Nýheima þekkingarseturs sat í stjórn samtakanna árið 2021 en auk hennar sitja í stjórn Guðrún Á. Jónsdóttir hjá Austurbrú og Elsa Arnardóttir hjá Textílmiðstöð Íslands á Blönduósi. Annar ársfundur samtakanna var haldinn í Nýheimum í júní 2021. Mættu fulltrúar allra setranna til Hafnar í tveggja daga heimsókn sem var nýtt til opinnar kynningar á starfsemi setranna og vinnufunda samtakanna. Með samtökunum hefur samstarf við önnur þekkingarsetur landsbyggðarinnar eflst til muna og hlökkum við til frekara samstarfs á komandi árum.

Samtök þekkingarsetra í heimsókn í Nýheimum, mynd HHR

Erlend samstarfsverkefni

Hvanneyjarviti, mynd KVÞ

Setrið hefur frá árinu 2014 tekið þátt í nokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem flest hafa verið styrkt af samstarfsáætlun Evrópusambandsins, Erasmus+. Um leið og tveimur slíkum verkefnum lauk á árinu náðist einstakur árangur í styrkumsóknum í erlenda samkeppnissjóði en setrið var aðili að fjórum umsóknum til Erasmus+ á vormánuðum og voru allar umsóknirnar samþykktar. Þá var setrið í fyrsta skipti umsækjandi og þar með stjórnandi verkefnis.

Legends

Legends verkefnið, eða Þjóðsögur, er tveggja ára samstarfsverkefni styrkt af Erasmus+. Setrið hefur verið þátttakandi í verkefninu frá 2020 ásamt samstarfsaðilum frá Búlgaríu, Spáni, Hollandi og Svíþjóð. Verkefnið var þróað vegna aukins áhuga á goðsögum um heim allan undanfarin ár og áhrifa þeirra á samtímamenningu. Verkefnið fjallar um þennan óáþreifanlega menningararf sem finnst svo víða um Evrópu og nýtingu hans til eflingar lykilhæfni fullorðinna einstaklinga í álfunni. Verða sagnirnar nýttar við gerð námsefnis sem styður við eflingu á lykilhæfniþáttum 21. aldarinnar. Unnið var á heildstæðan hátt að þremur verkþáttum Legends. Í fyrsta verkþætti kortlögðu samstarfsaðilar verkefnisins lykilhæfniþætti 21. aldarinnar og þjóðsögur landanna. Valdar voru tíu þjóðsögur frá löndunum sem á einn eða annan hátt styðja við þá fjóra megin hæfniþætti sem skilgreindir voru í verkefninu. Verkþáttur tvö er gerð stuttra teiknimynda og tölvuleikja um sögurnar þar sem þátttakendur kynnast þessum gömlu persónum og takast á við nútíma vandamál út frá þeim. Þriðji verkþáttur hófst undir enda árs og heldur áfram inn í 2022 en þar er þróaður og prófaður kennslupakki fyrir lykilhæfniþætti 21. aldarinnar.

Vegna COVID-19 hafa fundir samstarfsaðila farið fram með rafrænum hætti fyrir utan einn fund sem verkefnastjórar setursins sóttu, í Denia á Spáni í október.
Verkefnastjóri fyrir hönd setursins er Kristín Vala.

Myndir frá verkefnafundi í Denia, mynd HHR

Digital communities - Stafræn hæfni og færni samfélaga á landsbyggðinni

Nýheimar þekkingarsetur tekur þátt í verkefninu *Digital skills and competences of local communities in rural areas* sem hefur verið þýtt á íslensku sem *Stafræn hæfni og færni samfélaga á landsbyggðinni*. Í daglegu tali gengur verkefnið undir heitinu Stafræn samfélög. Verkefnið er unnið í samstarfi sex aðila sem koma frá fimm Evrópulöndum, þ.e. Búlgaríu, Hollandi, Svíþjóð, Spáni og Íslandi en þátttakendur frá Íslandi eru tveir, Nýheimar þekkingarsetur og Þekkingarnet Þingeyinga. Nýheimar þekkingarsetur sótti um verkefnið fyrir hönd hópsins og stýrir því. Verkefnið er styrkt af Erasmus+.

Verkefnið miðar að því að efla stafræna færni íbúa í sveitarfélögum á landsbyggðinni og í dreifbýli. Áhersla er lögð á eldri borgara í þessu samhengi ásamt sjálfboðaliðum, leiðbeinendum og umönnunaraðilum þeirra. Verkefnið hófst á greiningu á því hvaða stuðning aldraðir hafa þörf fyrir þegar kemur að því að nýta mismunandi þjónustu á veraldarvefnum. Liður í þessari greiningu voru spurningakannanir meðal markhópsins en niðurstöður þeirra ákvörðuðu efnistök kennslumyndbanda og leiðbeininga sem samstarfsaðilar hafa unnið að. Um er að ræða rafrænar leiðbeiningar um notkun opinberrar þjónustu á netinu. Efnið inniheldur upplýsingar um þjónustu sem boðið er upp á í viðkomandi landi auk þess sem kennslumyndbönd sýna skref fyrir skref hvar og hvernig má nýta þjónustuna. Kennsluefnið er byggt á raunverulegum dæmum og sýnir hvernig nýta má stafrænar lausnir til að sinna hversdagslegum erindum og til afþreyingar. Markmið kennsluefnisins er að efla sjálfstraust eldri borgara í notkun internetsins og þannig bæta lífsgæði nú þegar þjónusta er í síauknum mæli á vefnum. Kennsluefnið verður kynnt fyrir þeim aðilum sem starfa með eldri borgurum og þeim kennt að nýta efnið til að veita skjólstæðingum sínum kennslu, stuðning og hvatningu. Auk þess verður efnið gert aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins og þar með aðgengilegt öllum sem vilja nýta það til kennslu eða sjálfsnáms.

Meðal næstu verkefna samstarfsaðila er að halda staðbundnar vinnustofur með hagsmunaaðilum í þeim tilgangi að prófa og meta efnið.
Verkefnastjórar fyrir hönd setursins eru Hugrún Harpa og Kristín Vala.

DIGITAL COMMUNITIES

Eggjaskurn, mynd HHR

NICHE - Frumkvöðlastarf um óáþreifanlegan menningararf

Verkefnið *Frumkvöðlastarf um óáþreifanlegan menningararf* fór af stað í lok árs 2020 og er samstarfsverkefni níu aðila sem koma frá sjö Evrópulöndum. Sótt var um verkefnið á Íslandi og fara samstarfsaðilar Nýheima þekkingarseturs, Þekkingarnet Þingeyinga á Húsavík, með verkefnastjórn en aðrir þátttakendur í verkefninu koma frá Belgíu, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Spáni og Svíþjóð. Verkefnið er til tveggja ára og er styrkt af Erasmus+.

Verkefnið miðar að því að efla frumkvöðlastarf með aukinni áherslu á nýtingu óáþreifanlegs menningararfs og þróa nýstárlegar aðferðir í kennslu og þjálfun.

Á árinu var unnið að kortlagningu óáþreifanlegs menningararfs, meðal annars út frá greiningu á opinberum gögnum í þátttökulöndunum. Einnig var unnið að gerð námsefnis um óáþreifanlegan menningararf með það að markmiði að auka færni og hæfni starfsfólks á þessu ört vaxandi sviði. Námsefnið verður gert aðgengilegt á kennsluvef á vegum verkefnisins.

Þátttaka Nýheima þekkingarseturs í fundum verkefnisins á árinu var með rafrænum hætti. Verkefnastjóri fyrir hönd setursins er Kristín Vala.

Laufabrauðsgerð, mynd HHR

Sustainable

Verkefnið *Sustainable* eða *Sjálfbærni* hófst í lok árs 2020 og vinnur setrið að verkefninu í samstarfi við stofnanir í Svíþjóð, Belgíu, Írlandi, Ítalíu, Þýskalandi, Spáni og Rúmeníu. Verkefnið er til tveggja ára og er styrkt af Erasmus+. Megin markmið verkefnisins er að skapa heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna vægi í nálgun og aðferðum í fræðslu fullorðinna. Afurðum þess er ætlað að stuðla að aukinni vitund og þekkingu meðal kennara og leiðbeinenda um sjálfbærni. Um er að ræða hagnýtt efni fyrir kennara og leiðbeinendur til að auka vægi sjálfbærni í hvers konar fræðslu og miðlun.

Unnið var að öllum verkþáttum verkefnisins á árinu. Lokið var við gerð handbókar um sjálfbærni og heimsmarkmiðin þar sem teknar eru saman staðreyndir og upplýsingar til hagnýtingar fyrir kennara og leiðbeinendur. Einnig var unnið að gerð leiðarvísis sem ætlað er að styðja við leiðbeinendur og kennara til að innleiða sjónarmið sjálfbærni í námsefni, aðferðir og námsumhverfi. Loks er unnið að gerð námsefnis sem lýsir aðferðum og efnistökum sem styðja við sjálfbærni í formlegri, óformlegri og formlausri menntun.

Allar afurðir verkefnisins verða þýddar á tungumál allra þátttökulandanna og gerðar aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins. Vegna COVID-19 hafa fundir verkefnisins verið haldnir í fjarfundi.

Verkefnastjórar fyrir hönd setursins eru Hugrún Harpa og Kristín Vala.

SPECIAL

Verkefnið *SPECIAL: Supporting and Promotion EntreComp through Innovative Advanced Learning* hófst í lok árs og er samstarfsverkefni sjö aðila sem koma frá sex Evrópulöndum. Sótt var um verkefnið á Íslandi og fer Þekkingarnet Þingeyinga á Húsavík með verkefnastjórn en aðrir þátttakendur í verkefninu koma frá Belgíu, Ítalíu, Spáni, Rúmeníu og Svíþjóð. Verkefnið er til tveggja ára og er styrkt af Erasmus+.

SPECIAL miðar að því að styrkja lífsleikni og „mjúka færni" (soft skills) ungs fólks sem er hvorki í námi né starfsþjálfun og án atvinnu (NEET). Markmiðið er að styðja þau til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði en verkefnið á sérstaklega vel við núna vegna þeirra áhrifa sem COVID-19 hefur haft á samfélagið. Innan verkefnisins munu samstarfsaðilarnir þróa og prófa þjálfunaráætlanir sem ætlað er að vera sveigjanlegar og sniðnar að þörfum markhópsins.

Fyrsti fundur verkefnisins var haldinn með rafrænum hætti í nóvember. Þar gafst samstarfsaðilunum tækifæri til að kynnast og ræða verkefnið. Meðal fyrstu verka er hönnun vefumhverfis sem mun hýsa allt efni verkefnisins. Samstarfsaðilar hafa einnig hafið vinnu við kortlagningu á þörfum markhópsins, NEETs, eftir COVID-19 faraldurinn. Sú kortlagning er unnin í hverju landi fyrir sig og út frá EntreComp og LifeComp sem eru hæfniviðmið um frumkvöðlahæfni annars vegar og lífsleikni hins vegar. Verkefnastjórar fyrir hönd setursins eru Hugrún Harpa og Kristín Vala.

Supporting NEETS through
EntreComp and LifeComp
Special

Skarðsfjörður, mynd HHR

Fjárhagur

KPMG ehf Hornafirði annast bókhalds- og launavinnslu auk endurskoðunar, reikningsskila og skattskila fyrir Nýheima þekkingarsetur. Samkvæmt ársreikningi Nýheima þekkingarseturs fyrir árið 2021 námu heildartekjur 58,8 millj. króna. Rekstrarniðurstaða setursins var jákvæð um 2,3 millj. króna og var sú upphæð færð til hækkunar á eigin fé setursins. Opinber framlög frá Ríki námu 25,6 millj. króna og framlög frá SASS vegna samstarfssamnings 13,7 millj. Króna. Tekjur af styrkjum úr verkefnasjóðum og aðrar tekjur námu samtals 19,4 millj. króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir setursins 23,3 millj. króna og bókfært eigið fé í árslok var 12,4 millj. króna.

Nánari upplýsingar um fjárhag setursins má finna í ársreikningi þess.





NÝHEIMAR
ÞEKKINGARSETUR

www.nyheimar.is